

**Ed.**

**358. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýra-sjúkdómar berist til landsins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Samkomulag hefir ekki tekist í nefndinni um þetta mál. Frv. það, er þjer um ræðir, er í öllum aðalatriðum hið sama og frv. sama efnis, er lá fyrir síðasta Alþingi. Virðist mjer hið sama um þetta frv. nú, að það sje ekki svo úr garði gert, að með því sje nokkur veruleg trygging fyrir því, að komið verði í veg fyrir, að gin- og klaufaveiki berist til landsins. Mál þetta er þannig vaxið, að jeg sje mjer ekki fært að gera þær breytingar á frv., sem einhlítar sjeu. Tel hitt muni reynast betur, að stjórninni sje falið að breyta eftir bestu vitund í þessu máli og vera sem best á verði í þessu velferðarmáli þjóðarinnar, og legg því til, að frv. sje afgreitt með svo hljóðandi:

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Með því að þingdeildin álltur, að stjórnin hafi nægilegar heimildir í gildiandi lögum til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja það, að gin- og klaufaveiki berist til landsins, telur deildin lagafrv. þetta ónauðsynlegt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. mars 1928.

Jónas Kristjánsson.